

unni; hann hafði haft sverð undir hendi sér ok hjó til manns, ok kom í skjöldinn, ok af sporðinn ok fótinn með.<sup>1</sup> Þá kom Flosi at ok hjó á háls Helga, svá at þegar tók af höfuðit.

Flosi gekk þá at dyrunum ok mælti, at Njáll skyldi ganga til máls við hann ok svá Bergþóra; þau gerðu svá. Flosi mælti: „Útgöngu vil ek þér bjóða,<sup>2</sup> því at þú brennr ómakligr inni.“ Njáll mælti: „Eigi vil ek út ganga, því at ek em maðr gamall ok lítt til búinn at hefna sona minna, en ek vil eigi lifa við skömm.“ Flosi mælti til Bergþóru: „Gakk þú út, húsfreyja, því at ek vil þik fyrir engan mun inni brenna.“ Bergþóra mælti: „Ek var ung gefin Njáli, ok hefi ek því heitit honum, at eitt skyldi ganga yfir okkr bæði.“ Síðan gengu þau inn bæði. Bergþóra mælti: „Hvat skulu vit nú til ráða taka?“ Njáll svarar: „Ganga munu vit til hvílu okkarrar ok leggjask niðr.“<sup>3</sup> Síðan mælti hon við sveininn Þórð Kárason: „Þik skal bera út, ok skalt þú eigi inni brenna.“ „Hinu hefir þú mér heitit, amma,“ segir sveinninn, „at vit skyldim aldri skilja, ok skal svá vera, því at<sup>4</sup> mér þykkir miklu betra at deyja með ykk.“<sup>5</sup> Síðan bar hon sveininn til hvílunnar. Njáll mælti við brytja sinn: „Nú skaltú sjá, hvar vit leggjumsk niðr ok hversu ek býg um okkr,<sup>6</sup> því at ek ætla mér hvergi heðan at hrocask, hvárt sem mér angrar reykr eða bruni; munt þú þá næst geta, hvar beina okkarra er at leita.“ Hann sagði, at svá skyldi vera. Uxa einum hafði slátrat verit, ok lá þar húðin. Njáll mælti við brytjann, at hann skyldi breiða húðina yfir þau; hét hann því.

<sup>1</sup> með Y, Gr; af manningum X; — með orðinu *sporðinn* er gert ráð fyrir aflöngum skildi, sbr. 159. bls., 3. aths.

<sup>2</sup> Njáll bóndi b. v. í R.

<sup>3</sup> hefi ek lengi værugjarn verit b. v. í R.

<sup>4</sup> amma sl. M, Gr; ok — því at hðrr. nema R: *meðan ek vilda hjá þér vera, en.*

<sup>5</sup> en lifa eptir b. v. í X.

<sup>6</sup> býg (M) s. s. bý ek (bý hin hðrr.).